

STJÓRN SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2009, miðvikudaginn 30. september var haldinn 298. fundur Stjórnar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn á Bæjarhálsi 1 og hófst kl. 08:50..
Viðstaddir: Benedikt Geirsson, formaður, Ingi Þór Hermannsson, Páll Grétarsson, Sigurður Guðmundsson. Björn Árni Ólafsson og Egill T. Jóhannsson. Ingvar Jónsson boðaði forföll.

Jafnframt sátu fundinn: Magnús Árnason framkvæmdastjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra dags. 30. sept. sl. varðandi stöðuna í fjöllum.
2. Lagt fram yfirlit yfir framkvæmdir sem fram fóru í sumar í Skálafelli og Bláfjöllum.
3. Lögð fram fjárhagsstaða fyrir tímabilið janúar - ágúst. Jafnframt lögð fram útkomuspá ársins.
4. Rætt um gjaldskrármál. Framkvæmdastjóra falið að koma með hugmyndir fyrir næsta fund.
5. Lagt fram bréf Skíðagöngufélagsins Ulls dags. 10. sept. sl. varðandi stöðuleyfi fyrir skála félagsins í Bláfjöllum.
Stjórn skíðasvæða gerir ekki athugasemdir við staðsetningu skálans.
6. Lagt fram bréf Skíðagöngufélagsins Ulls dags. 16. september sl. ásamt tillögum um útbætur fyrir skíðagöngufólk á skíðasvæðinu í Bláfjöllum.
Vísað til framkvæmdastjóra.
7. Lagt fram bréf umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkur dags. 25. ágúst sl. varðandi utanvegaakstur á skíðsvæðum..
Vísað til framkvæmdastjóra.
8. Formaður upplýsti að hann og fulltrúar Seltjarnarness og Mosfellsbæjar hefðu átt upplýsingafund með KR-ingum varðandi Skálafell.
9. Næsti fundur verður haldinn 28. október í Bláfjöllum kl. 08.30.

Fundi slitið kl. 10:20.

Benedikt Geirsson

Sigurður Guðmundsson

Björn Árni Ólafsson

Ingi Þór Hermansson
Egill T. Jóhannsson

Páll Grétarsson